ÞJÓÐVILJINN

Þriðjudagur 22. nóvember 1955 — 20. árg. — 265. tölublað

# Bandarískur myndhöggvari væntanl. hingað á morgun

## Hann mun halda hér opinber erindi og sýna nokkrar höggmyndir sínar

**Á morgun er væntanlegur hingað til lands kunnur bandarískur myndhöggvari, John W. Rhoden, ásamt konu sinni. Munu þau hjónin dveljast hér á aðra viku og flytur hann á þeim tíma 2 eða 3 opinber erindi auk þess sem efnt verður til sýningar á nokkrum höggmyndum hans.**

Deild sú í ameríska utanríkisráðuneytinu, sem einkum hefur með höndum menningarleg samskipti við aðrar þjóðir, stendur að för þeirra hjónanna. Myndlistaskólar og aðrar hliðstæðar stofnanir í þeim löndum, er Rhoden heimsækir, sjá að öðru leyti um kynningarstarfsemi í sambandi við komu hans, sýningu á nokkrum verka hans, fyrirlestra er hann flytur o. s. frv. — Handíða- og myndlistaskólinn sér um þennan þátt hér á landi.

Erindi John W. Rhodens er tvíþætt, annarsvegar að kynna sér sem ýtarlegast höggmyndalist hér á landi; hinsvegar að kynna verk sín og ameríska höggmyndalist. Á meðan hann verður hér mun verða efnt til sýningar á nokkrum höggmyndum eftir hann. Einnig mun hann flytja

Annað erindi hans fjallar um hagnýtingu höggmyndalistar í sambandi við nútíma byggingarlist.

John W. Rhoden er blökkumaður, fæddur í Alabama, einu af suðurfylkjum Bandaríkjanna. Hann hóf ungur nám í New York, hjá Richmond Borthe. Síðar stundaði hann nám í myndlistaskóla Columbia-háskólans í New York. Aðalkennarar hans voru Maldarelli, Robus og Zorach.

Listaferill Rhodens hefur verið óvenjulega glæsilegur og liggja þegar eftir hann mörg listaverk, sem hlotið hafa mikla viðurkenningu bæði austan hafs og vestan.